

12. desember 2013

Svohljóðandi umsögn um 189. mál, dags. 12. desember 2013, sendist einnig í bréfpósti:

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 2. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og lögum nr. 110/2007 um kauphallir (þskj. 237, 189. mál á 143. löggjafarþingi).

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 30. gr. laga nr. 108/2007 bætist nýtt ákvæði, þess efnis að tilkynningar fjármálafyrirtækis um tiltekin viðskipti til Fjármálaeftirlitsins skuli auðkennd með kennitölu. Í III. kafla almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að nú séu viðskiptanúmer notuð til auðkenningar, en þau séu mismunandi eftir fjármálafyrirtækjum. Fyrir vikið sé erfiðara en ella að greina markaðsmisnotkun og innherjasvik í rauntíma.

Fjallað var um frumvarpið á fundi stjórnar Persónuverndar í dags. Með vísan til framangreinds, sem og rökstuðnings í greinargerð með frumvarpinu að öðru leyti, varð niðurstaðan sú ekki væri tilefni til athugasemda við umrætt ákvæði, né heldur önnur ákvæði frumvarpsins.